

Sementsverksmiðjan ehf.
Mánabraut 20, Pósthólf 205
300 Akranes

Reykjavík, 8. júlí 2021
UST202103-188/H.G.
08.20

Efni: Niðurfelling starfsleyfis - Sementsverksmiðjan

Umhverfisstofnun barst erindi þann 15. mars sl. frá Sementsverksmiðjunni ehf., þar sem óskað var eftir niðurfellingu á starfsleyfi Sementsverksmiðjunnar á Akranesi, kt. 560269-5369. Rekstraraðila er heimilt, skv. gr. 1.2 í starfsleyfi að framleiða allt af 160.000 tonn á ári af sementsgjalli og allt að 250.000 tonn á ári af sementi, auk reksturs hráefnageymslna, gjallgeymslu og sementsgeymslu og pökkunar, verkstæða og annarrar þjónustu fyrir eigin starfsemi. Ennfremur er verksmiðjunni heimilt að forhita og mala 32.000 tonn á ári af koladufti og að búa 25.000 tonn af föstum flokkuðum úrgangi til brennslu í gjallofni verksmiðjunnar, þó þannig að eins lítt hluti forvinnslu hans fari fram á Akranesi og kostur er. Þá er rekstraraðila heimil geymsla kola á Grundartanga vegna starfseminnar.

Þann 16. desember sl. fór fram lokunareftirlit í Sementsverksmiðjuna á Akranesi. Í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Frágangi vegna lokunar Sementsverksmiðjunnar telst lokið.

Rekstraraðili hefur fengið starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Vesturlands þar sem rekstraraðila er heimilt að geyma hættuleg efni, skv. 38. tl. IV. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Stofnunin hefur því ákveðið að fella niður starfsleyfi Sementsverksmiðjunnar ehf. og mun birta niðurfellinguna opinberlega á vefsíðu sinni.

Virðingarfyllt,

Ólafur A. Jónsson
staðgengill forstjóra

Sigríður Skaftadóttir
lögfræðingur